

# Úrskurður

Agamál nr. 37/2016-2017

<b>Viðburður:</b>	Leikur Snæfells og UMFG í mfl. karla, leikinn 23. febrúar 2017.
<b>Dagsetning kæru:</b>	24. febrúar 2017.
<b>Kæra:</b>	Kærð er aðkoma Inga Þórs Steinþórssonar þjálfara Snæfells (í leikbanni) og framkvæmd leiks.
<b>Kærðu:</b>	Ingi Þór Steinþórsson og Snæfell.
<b>Kærandi/ur:</b>	Steinar Orri Sigurðsson, Jóhann Gunnar Guðmundsson og Þorkell Einarsson, dómarar leiksins.

## Málavextir.

Samkvæmt skýrslu dómara til aga- og úrskurðarnefndar kom Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, sem tók út leikbann í umræddum leik, úr áhorfendastúku eftir að leiktíma var lokið og inn á leikvöllinn þar sem hann fór á undan liði sínu til að taka í hönd dómara leiksins. Fram kemur í skýrslunni að kærði hafi byrjað á að benda dómurum á að þeir þyrftu að skoða upptöku af leiknum vegna atriða sem voru ekki rétt framkvædd að hans mati. Hafi aðaldómari leiksins bent kærða á að hann væri ekki þáttakandi í leiknum þar sem hann væri að taka út leikbann og að dómarar ræði því ekki við hann um einstök atriði úr leiknum. Þrátt fyrir það hafi kærði haldið uppteknum hætti eftir að dómarar höfðu lokið við að þakka þátttakendum leiksins fyrir og verið að fara yfir skýrslu leiksins. Hafi aðaldómari ráðlagt kærða að láta af athugasemdum sínum þar sem hann væri í banni. Kærði hafi þá svarað því til að hann væri þjálfari liðsins og væri sem slíkur að bíða eftir skýrslu dómara sem verið var að fara yfir. Jafnframt hafi kærði spurt yfirdómara hvað hann ætlaði að gera og hvort hann ætlaði að setja hann í leikbann.

Samkvæmt skýrslunni ítrekaði aðaldómari að kærði væri í banni og að hann teldi framkomu kærða óviðeigandi. Myndi hann tilkynna hegðun kærða til aga- og úrskurðarnefndar. Hafi kærði svarað því til að að hann væri bara áhorfandi og að leikurinn væri búinn. Ekki var um frekari samskipti að ræða á milli dómara leiksins og kærða en að lokinni yfirferð yfir skýrslu leiksins og undirritun hennar hafi skýrslan verið afhent Gunnlaugi Smárasyni, skráðum þjálfara Snæfells í leiknum. Fram kemur í kærrunni að ástæða sé til að taka fram að enginn úr gæslu eða umsjónarmenn leiksins hafi skorist í leikinn eða gert tilraun til að koma í veg fyrir afskipti kærða sem var í banni og því í raun í sömu stöðu og hver annar áhorfandi.

Í andsvörðum liðs kærða kemur m.a. fram að kærði, sem verið hafi í leikbanni, hafi yfirgefið leikvöllinn 20 mínútum fyrir leik og hafi ekki verið þáttakandi í honum. Því sé hvorki hægt að kæra hann né gera honum refsingu. Kærði hafi eftir að leik lauk farið inn á leikvöllinn í tengslum við viðtal við Stöð 2 Sport. Hafi kærði jafnframt þakkað dómurum og gestaliðinu fyrir leikinn. Við það tækifæri hafi hann spurt dómara leiksins hvort þeir myndu horfa á upptöku af leiknum. Hafi dómari 1 þá tjáð kærða að hann væri ekki þáttakandi í leiknum og myndi því ekki ræða þetta við hann. Í framhaldi af því hafi kærði náð

í afrit af tölfræði leiksins og veitt Stöð 2 Sport viðtal. Að viðtali loknu hafi kærði gert tilraun til að nálgast afrit af skýrslu leiksins og meðan hennar var beðið spurt dómara 3 hvernig dómara háttuðu áhorfi á upptökur leiksins. Dómari 1 hafi hins vegar brugðist illa við og farið fram á að kærði hætti athugasemdum sínum og vísað til þess að kærði væri ekki þjálfari liðsins. Telur lið kærða dómara 1 hafa misskilið samræður kærða og dómara 3, sem verið hafi að vinsamlegum nótum. Í framhaldinu hafi kærði óskað eftir því að Gunnlaugur Kárason nálgast skýrslu leiksins.

Fram kemur í andsvörum liðs kærða að það hafi hvorki verið upplifun né ásetningur kærða að viðhafa óviðeigandi framkomu, stæla eða verið að valda dómurum leiksins einhverjum vandræðum, svo sem lýst sé í kæru. Tilgangur kærða með veru sinni á gólfinu eftir að leik lauk hafi verið sá að veita Stöð 2 Sport viðtal og ræða svo við liðið sitt inn í klefa. Samræður við dómara hafi að mati kærða verið afslappaðar og viðeigandi og engin atvik með þeim hætti að viðurlög samkvæmt 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál eigi við. Þá sé athygli vakin á því að erindi dómara sé sett fram með þeim hætti að kærði hafi verið áhorfandi og hafi þar af leiðandi ekki átt rétt til að sækja leiksskýrslu. Telji aga- og úrskurðarnefnd að atvikum sé þannig háttáð að viðurlög eigi við, sé óheimilt að gera kærða refsingu sem þjálfara liðsins. Slíkt væri úr öllu hófi og afar íþyngjandi. Telji nefndin hins vegar ástæðu til viðurlaga vegna framangreindra atvika, telur lið kærða rétt að nefndin líti frekar til þess sem félagið geti gert betur. Muni það taka til athugunar hvort endurskoða þurfi fyrirkomulag gæslu á gólfi í samræmi við þær athugasemdir sem fram komi í kæru.

### **Rökstuðningur.**

Samkvæmt 6. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál skal þjálfari, leikmaður, eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað vera meðal áhorfenda frá og með tuttugu mínútum fyrir leik og þar til leik lýkur. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvöllinum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt.

Þrátt fyrir að hlutverki dómara leiks ljúki ekki fyrr en með undirritun leiksskýrslu verður að líta svo á að leikslok í skilningi 6. mgr. 13. gr. framangreindrar reglugerðar miðist við þann tíma þegar leikur er flautaður af. Af því leiðir jafnframt að áhrif leikbanns þjálfara, leikmanns, eða forystumanns samkvæmt ákvæðinu, lýkur á sama tímapunkti. Í ljósi þessa verður því að líta svo á að kærði hafi ekki brotið gegn umræddu ákvæði og verður honum því ekki sem þjálfara gerð sérstök refsing vegna meintra athugasemda hans gagnvart dómurum leiksins eftir að leik lauk.

Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót bera félög ábyrgð á því að framkvæmd heimaleikja þeirra fari fram á eðlilegan hátt. Í því felst m.a. að tryggja öryggi dómara sem og aðskilnað áhorfanda frá starfsmönnum leiksins. Fyrir liggur í máli þessu að kærði var ekki á leiksskýrslu sem þjálfari liðs síns vegna þess leikbanns sem hann hafði verið úrskurðaður í. Af því leiðir jafnframt að kærði hafði stöðu sem hver annar áhorfandi og hefði sem slíkur ekki átt að hafa aðgang að dómurum leiksins eða að ritaraborði eftir að leik lauk. Þar sem í kæru dómara eru gerðar athugasemdir við framkvæmd leiksins lítur aga- og úrskurðarnefnd svo á að framkomin kæra nái einnig til liðs kærða, þ.e. Snæfells.

Á grundvelli þess sem að framan er rakið verður að líta svo á að Snæfell hafi ekki sinnt skyldum sínum samkvæmt 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót. Því telur aga- og úrskurðarnefnd rétt að hið kærða félag hljóti áminningu. Einnig telur nefndin rétt að félagið greiði sekt að fjárhæð kr. 20.000 til KKÍ.

## Úrskurðarorð.

Hinn kærði, Ingi Þór Steinþórsson, hefur ekki gerst brotlegur við ákvæði reglugerðar um -  
aga- og úrskurðarnefnd. Hið kærða lið, Snæfell, sætir áminningu og greiði sekt til KKÍ að  
fjárhæð kr. 20.000 vegna skort á gæslu á leikstað og að tryggja fullnægjandi vernd fyrir  
dómara leiksins. Hinu kærða félagi er jafnframt gert skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til  
að tryggja betur öryggi aðila sem koma að framkvæmd leikja.

Reykjavík 1. mars 2017 2016

**Ingimar Ingason, formaður**

**Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, varaformaður**

**Björgvin Halldór Björnsson, varaformaður**

**Kristinn G. Kristinsson**

**Sigríður Inga Viggósdóttir**